



## Viltu fá garn úr ullinni af þinni eigin kind? Ekkert mál. Við reddum því.

Til að fá ull unna í band er einfaldast að hafa samband á póstfangið: [huldauppspuni@gmail.com](mailto:huldauppspuni@gmail.com) eða hringja í síma 846-7199 og við gerum samning um hvernig þú vilt fá ullina þína unna. Ekki má senda ull til okkar nema hafa samband fyrst.

## Leiðbeiningar um meðhöndlun heima

Reifi af einni kind er 1,5 til 3,0 kíló að þyngd. Úr einu kíló af ull má reikna með að fá 600 - 750 grömm af tilbúnu garni. Við viljum gjarnan fá 2 - 4 kíló af ull til vinnslu í sama lit. Eða eitt eða tvö reifi lágmark.

Best er að kindin sé rúin að hausti sama dag og hún er tekin á hús. Gott er að velja þurrt veður til að taka á hús og rýja svo ullin sé full af lofti og tandurhrein. Setjið saman í poka þá ull sem má fara saman í garn. Kartöflupokar eru mjög heppilegir og taka eitt til tvö reifi. Einnig má nota ruslapoka, en þá er gott að stinga göt á pokana til að fá loftun.

Líða þurfa **að minnsta kosti 14 dagar** frá því kindin var rúin og þar til ullin kemur til okkar, vegna sauðfjárveikivarna. Hún má ekki vera geymd í fjárhúsinu þann tíma.

Uppspuni – Smáspunaverksmiðja & Garnbúð  
Lækjartúni, 851 Hellu

Merkið pokana vel og setjið símanúmer og / eða netfang á miða ofan í pokann. Gott er að fá helstu óskir skrifaða á miðann. Áður en byrjað er að vinna ullina, höfum við samband við ullareigandann - annað hvort í tölvupósti eða símleiðis.

## Gott að hafa í huga

Ef veður er blautt rúningsdaginn er ágætt að láta ullina liggja á opnu svæði í sólarhring svo að bleytan rjúki úr henni, annars verður fúl lykt af reyfinu og það geymist verr.

Tínið burt gróf hár, skítaklepra ef þeir eru og ef eitthvað er af stráum. Ef mikið af slíku er í ullinni sem við vinnum, **bætist óhreinindagjald við vinnsluna.**

Í þvotti tapast um 10 - 15 % af þyngd ullarinnar og fer þyngdartapið eftir hversu hrein ullin er þegar hún berst.

Við setjum alla ull í gegnum hárskilju - nema sérstaklega sé óskað eftir að það sé ekki gert. Hárskiljan hreinsar burt tvíklippur, gras og sand ásamt því að taka ofan af togið frá þelinu. Þá tapast um önnur 10% af þyngdinni. Við setjum ullina einu sinni í gegn og við það fer hluti togsins frá, en alltaf fer eitthvað af toginu áfram, enda verður þráðurinn sterkari þannig og bandið hnökrar minna.

Hrein ull hnökrar alltaf eitthvað þegar þrjónaflík er notuð.

Mjög hrein og lítið þæfð vorruin ull er vinnanleg, en við áskiljum okkur rétt til að meta með eigendum hvort mögulegt sé að breyta henni í band eða ekki.

s:846-7199 (Hulda) og s:869-8942 (Tyrfigur)  
netfang: [huldauppspuni@gmail.com](mailto:huldauppspuni@gmail.com)

Búast má við einhverri bið og fer hver vinnsla í röð um leið og hráefnið er komið í hús til okkar.

Þar sem náttúruleg efni eru notuð við vinnsluna er mikið af lanólíni (ullarfitu) sem fer með í gegnum ferlið. Því má búast við að óhreinindi þvoist úr þrjónuðum flíkum við fyrsta þvott.

### Hverju má búast við?

Hvítar kindur eru misjafnlega hvítar. Hreinhvít kind getur gefið fallega hvítt band, en oftast er **hvít ull** kremuð þegar hún er komin í band. Gul kind gerir band mjög kremitt.

Hnakkahár eru oft gul, alltaf hörð og spinnast ekki. Gott er að taka þau frá, en annars sér hárskiljan um það.

Togið er oft dekkra en þelið (ekki alltaf). Þar sem mikið af toginu fer frá í hárskiljunni má búast við að dekksti liturinn kastist frá og tilbúið garn verði ljósara en nýrúið reifið.

**Grá ull** getur verið mjög misjöfn á litinn og ekki er víst að jafn litur komi á band sem unnið er úr meiru en 5 kílóum. Því skiptum við upp gráum reifum ef þau fara yfir 5 kíló.

**Svartfleckótt ull** gefur grátt band. Sé mikið af svörtu verður bandið dökkgrárra.

**Móflekkótt ull** gefur ljósbrúnt band.

**Golsótt ull** gefur oftast grátt band, en getur einnig orðið gulleitt.

**Svarbotnótt ull** gefur hærusvartan lit á bandi.

Best er að hreinsa hvíta litinn úr **móbotnótttri ull**, því annars geta komið skellur í bandið. Það getur þó verið töff ef fólki líkar óregluleg áferð.

Ekki er óhætt að treysta því að fá sama lit milli ára af sömu kind.

Fyrir getur komið að bandið verði með **misfellum**. Íslensk ull er margslungin og langir togþræðir geta valdið því að svokallaðir hvirfilbyljir myndist. Þá koma þykkir kaflar í garnið. Slíkt er ekki algilt, en getur komið fyrir.



Uppspuni – Smáspunaverksmiðja

Lækjartúni

851 Hellu

### Frekari upplýsingar

í sínum: 846-7199 (Hulda) og

869-8942 (Tyrfingur)

eða senda póst á netfangið:

huldauppspuni@gmail.com